

Fundur 11.11.2024 Ólöf Sigtryggsóttir.

Góða kvöldið, sælt veri fólkið.

*Góða kvöldið.*

Mikil er orkan og ánægjulegt er það að mega deila henni með ykkur. Síðan ég kom á þessa jörð, hefur orka mín aukist enn meira, og er það svo merkilegt að ýmsir kvillar sem ég fann aldrei fyrir á jörðinni, en lærði um að hefðu verið til og væru til, fóru að sækja á mig á mínum efri árum á fyrstu framlífs jörð minni.

En hef nú hlotið fulla heilsu, og lífsgleðin jafnvel enn meiri en áður og sakna ég aðeins sumra vina og ættingja sem ég hafði í kringum mig, sem ég hafði á fyrstu framlífsjörð minni, en eru hér þó nokkrir sem ég þekki og hef eignast nýja vini, og sumir ættingjar mínir eru hér einnig, mis fjarskyldir.

Hér hefur það aftur gerst að mér hefur tekist að svífa, og það án aðstoðar, og er það einnig mikið ánægjufni.

Hef ég lært að skrifa drauma mína niður betur, og rifja þá betur upp og finnst mér það mikilsvert.

Ég var byrjuð á læknisfræðinámi á fyrstu framlífs jörð minni, og hef haldið því áfram, og lagt við það jafnvel enn meiri rækt.

En starf mitt, sem ég einnig sinni hér, en það er þó nokkuð annars eðlis, þar sem áhugi minn hefur jafnvel meira beinst að því. Að gera börnin í okkar umsjá, sem hér eru líka framkomin, eða þau sem þurfa að eignast foreldra. Að gera þau að virkari félagslegum einstaklingum, og leyfa þeim að kynnst upprunalegum foreldrum sínum, sem komu frá framlífs jörðunum, betur.

Og hvetja þau til að sækja sambandsfundina, ef foreldrar þeirra koma ekki fram á þessum hnetti.

Já ég hef lært og ég hef haft sérstakan áhuga á því að læra um smitsjúkdóma og hvernig lækna megi þá, og ég hef skiljanlega haft mikinn áhuga á að lækna þann sjúkdóm sem lagði mig í gröfina fyrir aldur fram og hrifsaði mig frá jörðinni.

Og erum hér að reyna að sitja stillifundi, þar sem reynt er að magna niður þessar bakteríur og veirur og sigra þær og koma þeim í burtu. Og hef ég einnig lært um þetta læknisfræðilega, og hef ég einnig lært um ýmislegt sem ekki er hluti af læknisfræðinni á ykkar gömlu jörð, sem er helstefnu mannkynin og hvernig þau magna þetta fram.

Var ég svo heppin að ég hitti bróður minn áður en ég dó af fyrstu framlífsjörð minni og var ég einnig svo heppin að hitta önnur systkini mín áður en ég fór af þeirri jörð. En sakna ég þeirra nú og hef reglulegt samband við þau á svona sambandsfundum.

Og hef ég fregnir af því að þið séuð enn fyrsta fólkið á jörðinni með þessa kenningu og bið ég að heilsa frænku minni, (eitthað sem truflar.)

Maðurinn minn fór á undan mér og hitti ég hann hér og eru afkomendur mínir enn á fyrsta framlífs hnetti mínum, eru hér margir fjarskyldir ættingjar og nýir vinir og hef ég gömul áhugamál frá framlífs jörð minni, sem ég hef fræðst um og kynnst fólki með svipuð áhugamál og minnst gamla Ísafjarðar, Ólöf Sigtryggsóttir, systir Hauks.

Finn ég nú orkuna minnka, verð ég að kveðja ykkur,

*Við skilum kveðjunni til Regínu.*

Já, þakka ég fyrir mig og vona að ég komist aftur, þakka fyrir mig verið þið sæl.

*Vertu blessuð og sæl.*